

Fundargerð 3.fundar stjórnar SSA haldinn 26.september 2022

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:15

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Helgi Hlynur Ágrímsson og Ragnar Sigurðsson þurftu að afboða sig skyndilega vegna útkalla tengt veðri og ekki gafst tími til að kalla inn varamenn í þeirra stað. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Berglind Harpa formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir SSA nr. 1 og 2, fundargerð Haustþings 2022

- Fundargerðir stjórnar SSA númer 1 og 2 voru lagðar fram til samþykktar og undirritaðar rafrænt.
- Fundargerð Haustþings SSA 2022 var lögð fram til kynningar.

2. Ýmis verkefni (til kynningar og umræðu)

- Landsþing sambandsins – tillaga að stefnumörkun. *Lagt fram til kynningar*
- Kjördæmavika – dagskrá. *Lagt fram til kynningar*
- Heimsókn ráðherra – dagskrá. *Lagt fram til kynningar*
- Fjallskilasamþykkt – staða mála og erindi. *Framkvæmdastjóri kynnti erindið. Framkvæmdastjóra, formanni og varaformanni falið að vinna málið áfram á grunni umræða á fundinum.*

3. Umsagnarbeiðnir og bókanir

- Sjónarmið um nýtingu vindorku – erindi starfshóps
Framkvæmdastjóra falið að nálgast meiri upplýsingar og málið verður tekið aftur upp síðar.
- Mál nr. 1 – Fjárlaganefnd, [frumvarp til laga um fjárlög 2023](#)
Framkvæmdastjóra, formanni og varaformanni falið að vinna umsögn sem verður send á stjórnarmenn.
- Mál nr. 14 – Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, [frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021](#)
Lagt fram til kynningar
- Bókun byggðaráðs Múlaþings vegna menningarstefnu fyrir Austurland
Framkvæmdastjóra falið að taka þessa umræðu með sveitarfélögum ásamt Signýju Ormarsdóttur yfirverkefnastjóra hjá Austurbrú.
- Sameiginleg áskorun FA, Húsó, LEB 210922
Lagt fram til kynningar.

4. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- Málalisti í samráðsgátt.
Lagt fram til kynningar.

5. Beiðnir um skipanir í nefndir og ráð

- Fulltrúi í Fagráð Brákar.
Stjórn samþykkir að Berglind Harpa fari inn sem aðalmaður og Axel Örn sem varamaður.
- Fulltrúar SSA í skólanefnd Hallormsstaðaskóla.
Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að aðilum sem staðfestar verða á næsta stjórnarfundum.
- Fulltrúi Austurbrúar/SSA í verkefnastjórn Seyðisfjarðarverkefnisins.
Stjórn samþykkir að Þuríður Lillý verði fulltrúi í verkefnastjórn Seyðisfjarðarverkefnisins.
- Fulltrúi í stafrænt ráð hjá Sambandi sveitafélaga.
Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að aðila sem staðfest verður á næsta stjórnarfundum.

6. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundir nr. 543, 544
- SSNV, fundur nr. 83
- Vestfjarðastofa og FV, fundargerð fjórðungspings
- SSNE, fundur nr. 40
- SASS, fundur nr. 586
- SSS, aðalfundur
- Sambandið, úrgangsmál
- Bréf frá HMS – umsóknarfrestur um stofnframlög
- Auglýsing A.9 – umsóknarfrestur um framlög vegna verslana í dreifbýli
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs – dagskrá fundar
- Vörðum leiðina saman – fundaáætlun
- Úthlutunarreglur samkeppnispotta byggðaáætlunar

7. Önnur mál sem tengjast starfsemi SSA

Umræður stjórnar um aðgerðir í kjölfar óveðurs liðinnar helgar. Unnið verður áfram á grundvelli umræða.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 16:30